

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1022/2010

2012/EES/67/45

frá 12. nóvember 2010

um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2010 á tilteknum vínræktarsvæðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (), einkum þriðju málsgrein 121. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í lið A.3 í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007 er kveðið á um að aðildarríki megi fara fram á að mörk vegna aukningar á alkóhólstyrkleika (auðgun) víns miðað við rúmmál séu hækkuð um 0,5% á árum þegar veðurfarsskilyrði eru einstaklega óhagstæð.
- 2) Belgía, Tékkland, Danmörk, Þýskaland, Ungverjaland, Holland, Austurríki, Pólland, Slóvenía, Slóvakía og Bretland hafa farið fram á slíka hækkun á mörkum fyrir auðgun víns, sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2010, þar eð veðurfarsskilyrði á vaxtartímabilinu hafa verið einkar óhagstæð á tilteknum landsvæðum.
- 3) Vegna hinna einkar óhagstæðu veðurskilyrða á árinu 2010 gera mörkin fyrir aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls, sem kveðið er á um í lið A.2 í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007, það ekki kleift í tilteknum vínræktarhéruðum að framleiða vín með viðeigandi heildaralkóhólstyrkleika sem alla jafna er eftirspurn eftir á markaði.

- 4) Því er rétt að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns, sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2010, á tilteknum vínræktarsvæðum.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Á þeim landfræðilegu svæðum, sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð, með fyrirvara um lið A.2 í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007, má aukning á styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í ferskum þrúgum úr uppskeru ársins 2010, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, nýju víni sem er enn í gerjun og víni sem er framleitt með því að nota þrúgur úr uppskeru ársins 2010, ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

- a) 3,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði A, eins og um getur í viðbætinum við XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007,
- b) 2,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði B, eins og um getur í viðbætinum við XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007,
- c) 2,0% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C I, eins og um getur í viðbætinum við XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 296, 13.11.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 63, 8.11.2012, bls. 31.

(¹) Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

VIÐAUKI

Landfræðileg svæði þar sem leyfilegt er að hækka mörk auðgunar skv. 1. gr.

Aðildarríki	Landfræðileg svæði (vínæktarsvæði)
Belgía	Öll vínæktarhéruð (svæði A)
Tékkland	Öll vínæktarhéruð (svæði A og B)
Danmörk	Öll vínæktarhéruð (svæði A)
Þýskaland	Öll vínæktarhéruð (svæði A og B)
Ungverjaland	Öll vínæktarhéruð (svæði C I)
Holland	Öll vínæktarhéruð (svæði A)
Austurríki	Öll vínæktarhéruð (svæði B)
Pólland	Öll vínæktarhéruð (svæði A)
Slóvenía	Podravje og Posavje (svæði B)
Slóvakía	Öll vínæktarhéruð (svæði B og C I)
Breska konungsríkið	England, Wales (svæði A)